1998

# Ferskí

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA






Málgagn Skíðafélags Ísfirðinga
Ritstjóri: Kristín Hálfdánsdóttir
Ábyrgðarmaður: Jóhann Torfason
Yfirlestur: Hlynur Þór Magnússon
Prentvinnsla: H-prent ehf., Ísafirði
Desember 1998

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA

## Stjórn og nefndir Skíðafélags Ísfirðinga 1998-1999

### Stjórn:

Formaður: Gunnar Þórðarson
Meðstjórnandi: Jónas Gunnlaugsson
Meðstjórnandi: Geir Sigurðsson
Gjaldkeri: Katrín Skúladóttir
Varaformaður: Jóhann Torfason
Ritari: Einar Snorri Magnússon
Varamaður í stjórn: Marsellíus Sveinbjörnsson

### Alpagreinanefnd:

Formaður: Benedikt Hermannsson
Kristján Helgason
Guðjón Ólafsson
Sveinn Ingi Guðbjörnsson

### Göngunefnd:

Formaður: Auður Yngvadóttir
Guðmundur R. Kristjánsson
Sigurveig Gunnarsdóttir
Kristbjörn Sigurjónsson
Þröstur Jóhannesson
Kjell Hymer

### Mótsnefnd Skíðamóts Íslands / FIS:

Gylfi Guðmundsson
Kristín Björnsdóttir
Bergmann Ólafsson
Sverrir Hestnes
Rósa B. Þorsteinsdóttir
Sigurður Gunnarsson

### Brettanefnd:

Edward Örn Hoblyn
Aðalheiður Ýr Gestsdóttir
Atli G. Atlason

# Ísafjarðarbær, skíðabær

Undir þessu kjörorði sækir Skíðafélag Ísfirðinga fram undir nýju nafni, með það að markmiði að efla skíðaíþróttina í Ísafjarðarbæ. Bæði sem afreksíþrótt og sem almenningsíþrótt Ísfirðinga.

Eins og kynnt er hér í blaðinu standa skíðamenn í bænum fyrir miklum framkvæmdum, þannig að helst megi líkja við byltingu. Nýr skíðaskáli er að rísa í Tungudal ásamt troðarageymslu og viðhaldsaðstöðu fyrir skíðasvæðið. Lyftunefnd félagsins stendur fyrir endurreisn „topplyftunnar“ sem fór í snjóflóðinu 1994. Og göngumenn eru að ganga frá, ásamt rekstrarstjóra svæðisins, 5.8 km upplýstri göngubraut á Harðarskálaflöt. En það verður mikið framfaraspor fyrir norrænar greinar í bænum.

Að endingu hefur starfsemi Skíðafélags Ísfirðinga verið tekin til gagngerrar endurskoðunar þar sem tekin verða upp nútíma vinnubrögð. Skipurit félagsisn liggur fyrir, unnið er að endurskoðun á hlutverki og lögum félagsins ásamt hlutverka- og ábyrgðarskiptingu stjórnar, nefnda og starfsmanna þess.

Efla á samskipti og samstarf við bæjaryfirvöld og starfsmenn skíðasvæðis til að markmiði félagsins um endurvakningu skíðaíþróttarinnar megi ná.

Félagið hyggst standa fyrir skíðakennslu barna og almennings í vetur ásamt hugmyndum um kynningu skíðaíþróttarinnar í grunnskólum Ísafjarðarbæjar. Í tengslum við það mun félagið standa fyrir skíðamarkaði til að gera sem flestum fært að kaupa sér annars dýran búnað til skíðaiðkunar.

Allt skal þetta gert til að efla áhuga almennings á skíðaíþróttinni sem dægrastyttingu og heilsubót og endurheimta þá stemmingu sem um áratugi var í kringum skíðin í bænum.

Hagsmunir fara saman. Hlutverk Skíðafélagsins er ásamt öðru að efla áhuga almennings á íþróttinni, en forsenda þess að byggja og reka dýr mannvirki og tæki sem nútíma kröfur gera ráð fyrir, er að fjöldi stundi hana.

Starfsemi Skíðafélagsins hefur öðru fremur snúist um þjálfun skíðabarna sem keppnis- og afreksíþrótt. Nánast allar tekjur félagsins hafa runnið í niðurgreiðslu á launum þjálfara og keppnisferðum skíðabarna. En öll önnur starfsemi félagsins er unnin í sjálfboðavinnu af fjölda manns þar sem launin eru árangur starfsins.


*Gunnar Þórðarson*

Ekki stendur til að draga úr þessu mikilvæga hlutverki félagsins nema síður sé. Með betra samstarfi við nefndir, skíðaþjálfara og skíðabörn ætlar stjórn félagsins að bæta þetta starf með betri árangur afreksmanna í huga.

Það sjálfboðastarf sem kynnt er hér í blaðinu með byggingu skíðaskála, lyftu og lýsingu göngubrauta er okkur hvatning til dáða og ástæða til bjartsýni á að markmið okkar náist.

Ég vil nota tækifærið og þakka fjölmörgum styrktaraðilum Skíðafélags Ísfirðinga fyrir veittan stuðning, sem gerir starfsemi þess mögulega.

Fyrir hönd stjórnar félagsins vil ég óska skíðabörnum, starfsmönnum, nefndum og öllum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs um leið og ég þakka fyrir það liðna.

*Gunnar Þórðarson*

SKG Veitingar

Eló

Tækniþjónusta Vestfjarða

GUNNVÖR

ÍSHÚSFÉLAG ÍSFIRÐINGA HF.

**Eru þreyttir fætur (sigg og fleira), sál og líkami að angra þig eilítið?**

Við höfum allt til að aðstoða þig við að halda fótum og líkama í góðu lagi.
Komdu og við munum taka vel á móti þér.
**Einnig höfum við gjafakort, gjafapakkningar og ýmis tilboð í gangi.**

**Fótaaðgerðastofan Silfá opin:**
Alla virka daga frá kl. 9.00 - 14.00
og fimmtudaga frá kl. 17.00 - 21.00
**Sól og fegurð opin:**
Alla virka daga frá kl. 8.00 - 21.00
og laugardaga frá kl. 10.00 - 18.00

**Fótaaðgerðastofan SILFÁ**
Sól & fegurð
Túngötu 3 • Ísafirði • Sími 456 5522

**HAFNARBÚÐIN**
Hafnarhúsinu • Ísafirði • Sími: 456 3245

# „Þarf að velja á milli skíð-anna og knattspyrnunnar“

**– segir Sigríður Þorláksdóttir sem á erfitt með að gera upp á milli íþróttagreinanna**

Árið hefur verið viðburðaríkt hjá Sigríði Þorláksdóttur. Hún varð þrefaldur Íslandsmeistari á skíðum á Akureyri í mars og síðan bikarmeistari í knattspyrnu með Breiðabliki í haust - sannarlega fjölhæf íþróttakona. Hún gerði fyrsta markið og lagði upp sigurmarkið í 3:2 sigri á KR í bikarúrslitaleiknum.

„Það er ljóst að ég verð að fara að velja á milli skíðanna og knattspyrnunnar. Það gengur ekki lengur að vera í báðum greinum ef ég á að bæta mig. En þetta eru hvorttveggja svo skemmtilegar greinar að ég get ekki gert upp á milli þeirra. Skíðin eiga hug minn allan yfir vetrarmánuðina en síðan fer fótboltinn að kalla á mig yfir sumarmánuðina. Skíðaíþróttin er það krefjandi að það þarf helst að vera í heilsárs þjálfun,“ sagði Sigríður Þorláksdóttir, sem nú hefur farið úr knattspyrnuskónum í skíðaskóna og er byrjuð að æfa á fullu með skíðalandsliðinu í Lillehammer.

Hún fór til Noregs í nóvember eftir að hafa jafnað sig eftir ristarbrot. Hún brotnaði á æfingu í Naganó rétt fyrir Ólympíuleikana og keppti ristarbrotin á leikunum.

„Ég var á bólgueyðandi lyfjum í allt sumar til að komast í knattspyrnuskóna. Þess vegna þurfti ég hvíld áður ég færi að troða mér í skíðaskóna aftur. Ég æfði vel í haust, lyfti og hjólaði mikið á undirbúningstímabilinu. Þegar kom fram í nóvember var ég orðin góð af meiðslunum og var tilbúin að fara til Lillehammer til æfinga. Ég er í góðri líkamlegri æfingu og það kemur sér vel fyrir skíðaiðkunina“.

Sigríður, sem er 21 árs, hefur lent í erfiðum meiðslum síðustu ár, en alltaf komið aftur fram í sviðsljós skíðaíþróttarinnar. Fyrir fimm árum fékk hún mikið höfuðhögg er hún datt illa á æfingu í Austurríki og var henni þá ráðlagt af lækni að leggja skíðin á hilluna. En þessi mikla keppnismanneskja var ekki sátt við það og fór fljótlega aftur að æfa. Fyrir tveimur árum varð hún aftur fyrir áfalli þegar skíðamaður keyrði hana niður í skíðabrekku í Svíþjóð. Hún axlarbrotnaði á báðum öxlum og missti allt það ár úr vegna meiðsla.

„Þá sögðu margir: Er ekki komið nóg? Ég var ekki á því. Mótlætið herðir mig og ég kom aftur veturinn eftir og varð þrefaldur Íslandsmeistari. Ég er ákveðin í að standa mig vel í vetur og markmiðið er að komast á Heimsmeistaramótið í Vail. Ég mun fyrst og fremst hugsa um að komast ofar á heimslistann því það gefur mér meiri möguleika á þátttöku í HM. Það er ákveðið að ég taki þátt í nokkrum Evrópubikarmótum og ef ég næ góðum árangri þar get ég gert kröfu um að reyna mig í heimsbikarnum. Það sýndi sig á alþjóðamótunum á Íslandi í fyrravetur að ég á ekki langt í land til að ná þeim bestu. Við vorum að keppa þar við norsku stúlkuna Trinu Bakke, sem er að gera það gott í heimsbikarnum núna. Ég var ekki nema um hálfri sekúndu á eftir henni í svigi.“

Sigríður segir mikinn mun á því að æfa skíði og knattspyrnu. Það væri allt gert fyrir hana í knattspyrnunni en þyrfti hún hins vegar að sjá um allt sjálf í sambandi við skíðin. Útgjöldin væru líka mikil vegna skíðanna en nánast engin í knattspyrnunni.

„Þessi útgjöld bitna mest á foreldrum mínum, en einnig hef ég fengið styrki frá Skíðafélagi Ísfirðinga og fyrirtækjum á svæðinu. Skíðasambandið hefur ekki styrkt mig um eina krónu. Ég fæ hins vegar allan útbúnað í gegnum SKÍ og má þakka það árangri Kristins Björnssonar, sem náð hefur að auglýsa íslenska skíðamenn með árangri sínum. Árangur hans hvetur okkur líka áfram. Hann hefur sýnt og sannað að við getum komist í fremstu röð.“

Sigríður leigir íbúð í Lillehammer með Brynju Þorsteinsdóttur frá Akureyri, sem einnig er í landsliðinu.

„Okkur kemur vel saman og það er gott að hafa félagsskap utan æfinganna. Æfingarnar með danska liðinu hafa komið vel út. Ég er ánægð með þjálfarann og er full bjartsýni á góðan árangur í vetur. Ég kem svo heim á landsmótið og þar á ég Íslandsmeistaratitla að verja.“

*Texti: Valur B. Jónatansson*



*Snemma beygist krókurinn. Sigga Láka fimm ára upp á Dal.*




*Sigga og Addi Kalli á góðri stundu.*



*Þrefaldur Íslandsmeistari.*

Arnar Geir Hinriksson
Lögfræðingur

NAGLINN

SKÓVERSLUN
LEÓS

Löggiltir Endurskoðendur
Vestfjörðum

GNÁ

SJÓVÁ ALMENNAR

Skipasmíðastöðin

TryCo

VÍS
VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF

**Sjálfvirkur símsvari á skíðasvæði: 878 1011**

# ÍSAFJARÐARLEIÐ

VM



Ísafjarðarleið ehf. leggur áherslu á trausta og skjóta þjónustu sem byggir á margra ára reynslu í flutningum milli Reykjavíkur og Vestfjarða. Með samstarfi við Vöruflutningamiðstöðina hf. tengist Ísafjarðarleið öflugu flutninganeti VM um land allt.

## Flutningaáætlun

- Frá Ísafirði til Reykjavíkur mánudaga til fimmtudaga kl 17.00, föstudaga kl. 16.00
- Frá Reykjavík til Ísafjarðar mánudaga til fimmtudaga kl. 17.00, föstudaga kl. 16.00
- Frá Ísafirði til Akureyrar alla mánudaga kl. 15.00
- Frá Akureyri til Ísafjarðar alla þriðjudaga kl. 15.00

**Flytjum fyrir þig af einum stað á annan**

- *Daglegar framhaldsferðir til allra helstu þéttbýlisstaða*
- *Áttatíu vöruafgreiðslur um land allt*
- *Fullkomin kæli- og frystiaðstaða*
- *Sækjum og sendum innanbæjar*
- *Afhending vöru næsta dag*

## Bein símanúmer

| | | |
|---|---|---|
| Kristinn Ebenzersson | S: 456 4291 | S: 894 7001 |
| Guðmundur Ásgeirsson verkstjóri Ísafirði | S: 456 4180 | S: 893 1830 |
| Hafþór Halldórsson verstjóri Reykjavík | S: 456 4563 | S: 894 1836 |

**Munið nýja heimilisfangið í Reykjavík að KLETTAGÖRÐUM 15**
**Sími 515 2200 • Fax 515 2201**

VÖRUFLUTNINGAMIÐSTÖÐIN
KLETTAGÖRÐUM 15 • SÍMI 515 2200 • FAX 5152201

*ÍSAFJARÐARLEIÐ OG VÖRUFLUTNINGA-MIÐSTÖÐIN ÓSKA ÍSFIRSKU SKÍÐAFÓLKI GÓÐS GENGIS Á KOMANDI MÁNUÐUM!*

ÍSAFJARÐARLEIÐ
SINDRAGÖTU 12 • 400 ÍSAFJÖRÐUR
SÍMI 456 4107 • FAX 456 4425

# Er Addi Kalli orðinn norskur?

## – Viðtal við Arnór Gunnarsson skíðakappa sem búsettur er í Lillehammer

**„Nei, ég verð alltaf Íslendingur og er stoltur af bænum mínum, Ísafirði,“ sagði Arnór Gunnarsson skíðakappi, sem er búsettur í Lillehammer og hefur verið meira og minna við æfingar erlendis í tíu ár. Aðallega í Noregi en einnig tvo vetur í Austurríki. Hann er bjartsýnn fyrir komandi keppnistímabil og segist aldrei hafa verið í betri æfingu. Hann hefur sjö sinnum orðið Íslandsmeistari og segist vonast til að bæta við titli á Landsmótinu, sem fram fer á Ísafirði í vetur.**

„Ég hlakka auðvitað til að koma heim á Landsmótið. Það er alltaf gaman að koma í brekkurnar heima og vonandi get ég notfært mér að vera á heimavelli og sigrað. Það myndi líka gleðja alla bæjarbúa,“ sagði hann.

„Ég tek eitt ár fyrir í einu og er því ekki að gera áætlanir of langt fram í tímann. Ég er 27 ára og hef æft meira og minna erlendis síðan 1988. Nú ætla ég að vona að þetta fari að smella saman hjá mér. Það gekk vel hjá mér í lok síðasta tímabils og nú er að fylgja því eftir. Ég veit að ég get bætt árangur minn og þess vegna er ég enn í þessu af fullum krafti. Ég á mikið inni og ætla mér að taka það út í vetur,“ sagði Arnór.

Hann býr í leiguíbúð í Lillehammer ásamt unnustu sinni, Theódóru Mathiesen, sem einnig er í íslenska skíðalandsliðinu. Íbúðin er í úthverfi bæjarins og segir hann að þau kunni vel við sig þar enda allar aðstæður til æfinga eins og best verður á kosið. Þau fóru til Noregs um miðjan ágúst og hafa æft af kappi síðan. Fyrstu mánuðina undir stjórn Hauks Bjarnasonar, sem er aðalþjálfari Kristins Björnssonar, og síðan með danska landsliðinu, en þjálfari þess er Svíinn Magnus Bordin og er frá Ternaby - sama bæ og Ingimar Stenmark. Arnór segist mjög ánægður með Bordin þjálfara.

„Haustæfingarnar gengu vel, en ég meiddist að vísu í baki í október og var frá vegna þess í sex vikur. Eftir það hef ég ekkert fundið til og tilbúinn að takast á við veturinn. Ég mun eingöngu keppa í svigi og ætla að vera með í öllum níu mótum Evrópubikarkeppninnar. Ég ætla einnig reyna mig í heimsbikarnum. Markmiðið hjá mér er að komast í síðari umferðina í heimsbikarnum,“ sagði Arnór, sem hefur tekið þátt í fjórum heimsbikarmótum. Hann hefur hins vegar aðeins einu sinni náð að komast í mark í fyrri umferð, í Madonna di Campiglio, fyrir þremur árum og var þá sex sekúndum á eftir fyrsta manni og komst ekki áfram í síðari umferðina.“

„Ég vonast til að vera valinn til þátttöku í heimsmeistaramótinu í Vail í Bandaríkjunum í febrúar. Það yrði þá þriðja heimsmeistaramótið og þá ætla ég að skila mér niður, en á hinum tveimur hefur það ekki tekist.“

Hann segist alltaf hafa jafn gaman af því að æfa skíði. En hvernig gengur venjulegur dagur fyrir sig hjá honum?

„Við æfum tvisvar á dag, fyrri æfingin hefst klukkan átta og erum við yfirleitt að til klukkan tíu. Þá er gert matarhlé og aftur farið út eftir hádegi og æft í tvo tíma. Síðan er þrekæfing um sexleytið. Eftir kvöldmat er farið í að undirbúa skíðin fyrir næsta dag. Við reynum að taka einn dag í viku í frí frá skíðunum, en þá er gert eitthvað annað - farið í keilu eða golf. Það gefst því lítill tími til að slappa af. Þetta er vinna og aftur vinna.“

Það hlýtur að vera dýrt að gera út skíðamann eins og Arnór.

„Já, það er mjög dýrt. Útgerðin hjá mér kostar milli 100 og 120 þúsund krónur á mánuði, þar af fara 40 þúsund krónur í húsaleigu. Ég gæti auðvitað ekki fjármagnað þetta sjálfur því ég hef aðeins tvo til þrjá mánuði á sumrin til að afla mér tekna. Einstaklingar og fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum hafa styrkt mig mjög myndarlega og ég er afar þakklátur fyrir það. Ég hef ekki fengið neina beina peningastyrki frá Skíðasambandinu en það hefur útvegað mér allan skíðaútbúnað, bæði skíði og föt. “



Arnór eða Addi Kalli eins og hann er oftast nefndur af þeim sem þekkja hann best er glaðvær og skemmtilegur strákur. Samherjar hans í landsliðinu segja að hann sé grallarinn í hópnum. Hann sér yfirleitt björtu hliðarnar á tilverunni og fær fólk til að brosa með sér. Það er mikilvægt að hafa slíkan mann innanborðs fyrir landsliðið.



*Addi Kalli ásamt unnustu sinni Theódóru Mathiesen.*

„Ég er fyrst og fremst í landsliðinu vegna þess að ég hef yndi af því að vera á skíðum. Skíðin hafa verið mitt líf og hafa gefið mér mikið. Markmiðið er eftir sem áður að bæta sig“.

*TEXTI: Valur B. Jónatansson*


• VEIÐARFÆRI
• ÚTGERÐARVÖRUR
• REKSTRARVÖRUR

SANDFELL HF.

*Ísafjörður*
*sími 456 3500*

*Akureyri*
*sími 462 6120*

*Reykjavík*
*sími 511 4010*

**Munið skíðamarkaðinn á nýja árinu!**

# LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

BRUNNGÖTU 7, 400 ÍSAFJÖRÐUR, SÍMI 456 3980 OG 456 4233, FAX 456 4710 - SKRIFSTOFAN OPIN KL. 8-17

**Hefur þú sent öllum greiðandi sjóðfélögum þessa árs yfirlit?**

## Hafir þú ekki fengið yfirlit,

en dregið hefur verið af launum þínum í lífeyrissjóð, eða ef launaseðlum ber ekki saman við yfirlitið, hafðu þá samband við skrifstofu sjóðsins strax.

VERÐI VANSKIL Á GREIÐSLUM IÐGJALDA Í LÍFEYRISSJÓÐ GETA MIKILVÆG RÉTTINDI TAPAST:

**ELLILÍFEYRIR - ÖRORKULÍFEYRIR - MAKALÍFEYRIR - BARNALÍFEYRIR**

## GÆTTU RÉTTAR ÞÍNS!

**– það gerir það enginn annar fyrir þig**

*Lífeyrissjóður Vestfirðinga hefur hafið rekstur séreignadeildar og tekur við lífeyrissparnaði.*

## *Nýtt – Nýtt*

***Ljósaslöngur – Nýr frábær kostur til skreytinga úti og inni***

* Margir litir
* Afgreitt eftir þínu máli
* Mjög harðgerðar
* Beint í 220v. – enginn spennubreytir
* Mikið ljósmagn, langur líftími
* Ekki meira mál að leggja en að rúlla út garðslöngu
* Ekkert peruvesen. Alltaf klár og endist ár eftir ár eftir ár...

PÓLLINN HF.

**Póllinn hf.**

Aðalstræti 9 • Sími 456 4594 • Fax 456 4592

## *Mikið úrval jólagjafa*



**Ilmir í gjafapakkningum**

- Hanskar
- Treflar
- Skart
- Veski
- Náttfatnaður
- Sloppar
- Undirfatnaður




*Vorum að fá sendingu frá* ***JOE BOXER*** *og* ***MUDD***

KRISMA

Ljóninu Skeiði

☎ 4414

# Skíðahefð Ísfirðinga

Ísfirðingar eiga sér langa og merka sögu í skíðaíþróttinni hér á landi. Skíðin eru rótgróinn hluti bæjarfélagsins og skipa stóran sess í ímynd hans. Margt hefur hjálpast að til að skapa þessa sterku stöðu íþróttarinnar í bænum. Eldhugar og dugnaðarforkar byggðu upp skíðamannvirki, almennur skíðaáhugi varð í kjölfar þess mikill og árangur keppnismanna hefur verið glæsilegur.

Nú á dögum eru flest héruð að reyna að skapa sér einhverja sérstöðu, t.d. í tengslum við ferðamannaþjónustu. Þá er alltaf til staðar baráttan um fólkið, að skapa því aðstöðu í atvinnu- og félagsmálum osfrv. Sérstaða Ísfirðinga hefur verið á nokkrum sviðum. Það er þó ekki á neinn hallað að nefna menningarhefðina, sérstaklega á sviði tónlistar, og svo skíðaíþróttina.

Skíðaíþróttin hóf sig til vegs og virðingar hér á landi um miðja öldina. Nafn Ísafjarðar er grópað í sögu íþróttarinnar hér á landi. Ísfirðingar hafa alltaf verið í fremstu röð á skíðamótum hérlendis. Oft hin síðari ár hafa ísfirsku keppendurnir í eldri aldursflokkunum verið frekar fáir, en sýnt afburða árangur. Þá hefur almenningur í bænum verið iðinn við skíðaiðkun, sérstaklega eftir uppbyggingu skíðalyftanna á síðari hluta sjöunda áratugarins.

S.l. þrjú ár hefur skíðaíþróttin á Ísafirði verið í lægð. Höggið af snjóflóðinu mikla í byrjun apríl 1994 varð þungt. Þótt myndarlega hafi verið staðið að endurbyggingu skíðamannvirkja í kjölfar eyðileggingarinnar á Seljalandsdal hefur snjóleysi undanfarna þrjá vetur orðið til þess að skíðaiðkun, fyrst og fremst í alpagreinum, hefur ekki getað verið með eðlilegum hætti á þessum tíma. Í kjölfar þessa hefur félagslegur áhugi skíðamanna dofnað. „Nýjar“ íþróttagreinar hafa náð fótfestu í bænum í kjölfar nýs íþróttahúss og hefur áhugi bæjarbúa þar með dreifst.

Nú hefur verið blásið til sóknar í málefnum skíðamanna. Fleiri eru að koma að starfi í Skíðafélaginu og er verið að endurskipuleggja starf þess. Félagið fékk einnig aukinn styrk eftir að Önfirðingar, sem hafa staðið sig vel í skíðagöngu undanfarin ár, komu til liðs við það í haust. Fjárhagurinn hefur verið tekinn föstum tökum, þjálfun endurskipulögð og unnið er að stefnumörkun félagsins. Þá skal ekki láta ógetið þeirra miklu framkvæmda sem skíðamenn standa í til að bæta aðstöðu sína, skíðalyftu upp í Skál á Seljalandsdal og byggingu félagshúss í Tungudal. Þá bíður stórverkefni í vor sem er Skíðamót Íslands og alþjóðamót í alpagreinum.

Ekki verður öðru trúað en á Ísafirði komi aftur góður skíðasnjór.

*Geir Sigurðsson*




PÓLS

BÍLATANGI HF.
ÍSAFIRÐI

Netagerð Vestfjarða h/f

SAMKAUP

Bakarinn
ÍSAFIRÐI

JÓN og GUNNA
Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464

Eiríkur og Einar Valur sf.

HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4566 • SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR

RÖRTÆKNI EHF

TM

LÖGSÝN EHF.
Lögfræðiþjónusta

Gamla bakaríið
AÐALSTRÆTI 24 ☎ 456 3226 ÍSAFIRÐI

Bolfiskur ehf.
Bolungarvík

baðstofan

ÁSGARÐI

AMETYST

HRAÐFRYSTIHÚSIÐ HF.
Hnífsdal

HV
Umboðsverslun


***Á skíðum skemmti ég mér...***

# Hugleiðingar um skíðaferðir



*Eftir skíðamót í Skálafelli: F.v. Guðmundur Fr. Jóhannsson, Ísafirði, Árni Þór Árnason, Reykjavík, og Sigurður H. Jónsson, Ísafirði.*



*Guðmundur Fr. Jóhannsson á leið til sigurs á Skíðamóti Íslands á Siglufirði árið 1985.*

Fyrstu skíðaferðirnar mínar voru á rauðu skíðunum með leðurólunum, uppi í Hvammi ásamt pabba og fleiri Hlíðarvegspúkum. Hvammur er við rætur Eyrarfjalls ofan við Strýtu við Hnífsdalsveg. Á góðviðrisdögum flykktist mikill fjöldi fólks, ungir og fullorðnir, Hlíðarvegspúkar og Krókspúkar, upp í Hvamm og renndi sér á skíðum og snjóþotum. Hvammur skiptist í Efri og Neðri Hvamm. Neðri Hvammur var fyrir alla að leika sér og þar fóru margir sínar fyrstu ferðir á skíðum. Efri Hvammur var hins vegar fyrir þá sem voru reyndari og lengra komnir í skíðamennskunni, enda náði hann alla leið upp undir kletta. Það var nú stór stund þegar maður var tekinn með í það einvalalið sem renndi sér í Efri Hvammi og ákveðnu takmarki náð.

Á þessum tíma vorum við Hlíðarvegspúkarnir með íþróttafélag sem hét Njörður. Þráinn og Rúnar Eyjólfssynir fóru lengstum fyrir félaginu og voru haldin hin ýmsu íþróttamót, jafnt vetur sem sumar. Þeir bræður voru hreint ódrepandi við að djöfla okkur púkunum áfram, hvort sem var í fótbolta, frjálsum íþróttum, á skíðum eða öðrum leik. Skíðamótin voru oftast haldin uppi í Efri Hvammi, en einnig í Neðri Hvammi fyrir yngri iðkendurna. Verðlaunin voru af ýmsum toga, skíðaáburður, sælgæti, lopavettlingar, og húfur sem mömmurnar höfðu prjónað og ýmsir aðrir smáhlutir. Og allir undu glaðir við sitt. Ég held að Bjössi bróðir hafi hirt flest verðlaunin, enda var hann feikilega góður skíðamaður og gaman að horfa á hann renna sér niður brautirnar.

Mig minnir að þessar ferðir hafi nú flestar farið vel fram, en þó minnist ég þess að æskufélagi minn og vinur Snorri Sigurhjartarson, Jónssonar skipstjóra, lærbrotnaði er við vorum að leik á snjóþotum uppi í Hvammi. Það greip vitanlega um sig mikil hræðsla og eftirvænting hvort það yrði nú í lagi með strákinn. Snorra var dröslað á sjúkrahúsið þar sem gert var að sárum hans og hann vafinn viðeigandi umbúðum.

Svo fór maður að heyra af öðrum skíðasvæðum í nágrenninu þar sem miklir skíðakappar stunduðu æfingar og sýndu listir sínar. Okkur Hlíðarvegspúkunum leið vel í Hvamminum og vorum því ekkert að þvælast á aðrar slóðir og áttum ekki marga daga á skíðum í Stór-Urðinni þó að þar væri lyfta.

En þar kom að því að hleypa skyldi heimdraganum og heimurinn skoðaður nánar. Einhverju sinni kom Bjössi að máli við mig þegar hann var að fara að keppa og sagði að nú skyldi ég koma með og keppa á alvöru skíðamóti. Það varð úr að ég fór og keppti á mínu fyrsta „opinbera" skíðamóti. Mótið fór fram uppi á Botnsheiði. Sigurvegari var Jón Heimir Hreinsson, Maggi Óla Toll var númer tvö og ég númer þrjú. Þar með var minn alvöru keppnisferill hafinn.

Seinna lá leiðin upp á Dal þar sem tóku við æfingar og keppni af mikilli alvöru. Vestfjarðamót, þríkeppni Harðar og fleiri mót. Mér gekk ágætlega og var valinn til að keppa fyrir Ísafjörð á Andrésar Andar-leikunum sem voru þá haldnir í fyrsta sinni á Akureyri. Eftirvæntingin var mikil að fara út á land og keppa við krakka alls staðar að af landinu. Ég keppti í flokki 11-12 ára í svigi og stórsvigi. Við Ísfirðingarnir stóðum okkur vel, ég var númer eitt í stórsviginu og Jón Páll Vignisson Jónssonar í Shell var númer eitt í sviginu. Við höfðum sýnt að við gátum eitthvað.

Veturinn eftir var ég kominn upp í unglingaflokk og þá var keppt á fleiri mótum á landsvísu. Að sama skapi jókst spennan hvernig til tækist í keppnunum. Allt gekk þetta ágætlega, enda studdu foreldrar mínir og hvöttu óspart í þessum leik.

Nú var svo komið að við Ísfirðingarnir skyldum fara utan til æfinga. Farið var til Geilo í Noregi og stunduðum við æfingar af miklu kappi í um hálfan mánuð með leiðsögn Hafsteins Sigurðssonar og norsks þjálfara. Aðstæður voru mjög góðar en mestu munaði um hversu snjórinn var harður og veðrið betra en heima á dalnum. Slíkar ferðir gerðu okkur mjög gott og náðum við góðum árangri í þeim. Síðar urðu ferðirnar margar til Geilo þar sem ég bjó tíðum hjá frænda mínum Gunnari Bóa og æfði af miklu kappi. Seinna var ég á ferð með landsliðinu við æfingar og keppni í Geilo. Bjuggum við þá hjá Sigga Hall, hinum eina sanna, og Svölu konu hans, yndisleg hjón. Ég held að þau hafi haft gaman af að hafa okkur, auk þess sem Siggi æfðist vel í eldamennskunni, en þau hjón ráku þá veitingastað í Geilo.

Æfingarnar fóru að skila árangri og nú var ég unglingurinn farinn að fá að renna mér með ísfirsku úrvalssveitinni, Hafsteini Sig., bræðrunum Valla og Adda Jónatans og frændum þeirra Haffa og Addó auk Einars Vals og Sigga Bóa. Það var nú stórt skref í íþróttinni að fá að æfa með slíkum köppum, líkt og fyrsta ferðin í Efri Hvamminn. Seinna meir þvældumst við Einar Valur mikið saman á mót og var hann og Stína Úlfs pabbinn og mamman í hópnum yfir okkur unglingunum.

Sá háttur var á að þeir unglingar sem stóðu sig best í flokki 15-16 ára fengu að keppa á mótum fullorðinna. Einhverju sinni er ég var 15 ára og hafði öðlast þennan rétt var ég að keppa í Bláfjöllum í stórsvigi karla. Ég var annar eftir fyrri ferðina, eftir Árna Þór Árnasyni úr Reykjavík sem þá var að koma Reykjavík vel áfram í skíðaíþróttinni. Eftirvæntingin var að vonum mikil fyrir síðari ferðina eftir árangurinn í þeirri fyrri. Nú var að standa sig. Í Bláfjöllum hagar þannig til að svæðið er frekar lítið og þröngt og því lágu kvenna- og karlabrautirnar saman á kafla með svokallaðri nál. Að sjálfsögðu þurfti maður að skoða þetta vel til að fara rétt í brautina, en einhverra hluta vegna, sjálfsagt af yfirmáta spenningi og reynsluleysi, fór ég vitlaust gegnum nálina og sleppti við það hliði. Ég hélt áfram og lauk keppni með annan besta tímann. Ég kom að máli við mótsstjórn og fékk að fara þriðju ferðina þar sem ég sagðist hafa fipast á slíkri brautarlögn. Allt gekk nú að óskum og enn var ég með annan besta tímann. En réttilega var ég síðan dæmdur úr leik.

Með mér á mótinu voru Valli Bigga Vald og Geir Sigurðsson, sem löngum hefur verið helsti drifkrafturinn í ísfirskum skíðamálum. Þegar við komum upp í Bláfjöll og vorum að hafa okkur til, kom í ljós að Valli hafði gleymt skíðaskónum í Reykjavík. Það var ekkert með það, að Geir brunaði af stað eftir skónum. Seinna kom í ljós að hraðamet var slegið í þessari ferð. Áður um morguninn hafði verið þungfært upp Bláfjallaafleggjarann, en lítill Volkswagen sá um að ryðja þeim snjó í burtu svo greiðfært varð á eftir.

Skíðamótunum fylgdi oft mikill spenningur. Það var fylgst vel með veðurspánni daginn fyrir mót og síðan var lagst yfir hvaða áburður skyldi notaður, rennslið skipti miklu máli. Kantarnir voru brýndir svo skíðin bitu vel í snjóinn. Þetta var mikið vandaverk. Það mátti ekki bíta of mikið, því þá var erfitt að stjórna skíðunum, vildu fara of beint og ekki máttu þau bíta of lítið. Þegar búið var að leggja blessun sína yfir skíðin var allt klárt fyrir slaginn. Yfirleitt voru keppendur mættir í fjallið um tveimur klukkustundum áður en keppni byrjaði, til að skíða og liðka sig. Brautirnar voru skoðaðar vandlega, sælla minninga úr Bláfjöllunum forðum, og síðan var farið tímanlega upp í rásmark til að hafa sig til. Mjög gott var að renna sér eina til tvær ferðir á keppnisskíðunum til að finna hvort þau virkuðu rétt, gott bit og gott rennsli.

Menn höfðu ýmsan háttinn á við að gera sig klára við rásmarkið áður en þeir fóru af stað niður brautina. Sumir tóku sig út úr hópnum og vildu vera aðeins afsíðis í friði og ró í eigin hugleiðingum um hvernig glíma skyldi við brautina. Aðrir töluðu mikið, sumir ekkert en gulir blettir einkenndu snjóinn allt í kringum rásmarkið. Þegar nokkrir keppendur voru í að maður skyldi renna sér niður fór maður að tygja sig úr hlífðarfötunum, smella skóna og hafa gleraugun tilbúin. Ræsirinn kallaði á viðkomandi keppendur að hafa sig klára. Þegar komið var í rásmarkið var gott að ávarpa ræsinn aðeins til að losa örlítið um mestu spennuna áður en stokkið yrði af stað. Ræsirinn gaf merki um að keppandi mætti fara.

Nú var komið að því. Hjartað hamaðist ótt og títt. Maður gaf sér örlítinn tíma til að líta niður eftir brautinni, andaði djúpt og rólega, kom skíðastöfunum vel fyrir og síðan var ætt af stað. Hver beygjan tók við af annarri alla leið í markið. Stundum gekk vel, stundum ekki eins vel en yfirleitt vissi maður hvernig hafði tekist til. Stundum heyrði maður öskur og læti þegar ætt var fram hjá dyggum stuðningsmönnum, en í annan tíma tók maður ekki eftir látunum.

Oft var það haft á orði, að við Ísfirðingarnir hefðum nokkurt forskot þegar keppt var í stórsvigi á Ísafirði frá toppi og niður úr, brattinn væri svo mikill. Margir voru hálf ragir við að renna sér á fullri ferð niður slíkan bratta enda óvíða álíka bratt. Alltaf var tignarlegt að standa í rásmarkinu á toppnum á dalnum í góðu veðri, horfa yfir merkta brautina alla leið niður að markhúsi og eiga eftir að etja kappi við klukkuna og aðra keppendur alla þessa leið.

Það fór líka oft svo, að Ísfirðingar stóðu uppi sem sigurvegarar þegar keppt var á Ísafirði sem og annars staðar, en alltaf var skemmtilegast ef sigur vannst á heimavelli. Þetta var góður tími.

*Guðmundur Fr. Jóhannsson.*

• Við þjónum þér og jólasveininum líka!
• Sælurnar eru ógleymanlegar.
Gleðilega jólahátíð!

**KRÍLIÐ • ÍSAFIRÐI**

*Allar málningarvörur!*
***Til jólagjafa***
*Myndlistarvörur í miklu úrvali*
*Acryllitir – Olíulitir – Vatnslitir*
*Öll íblöndunarefni, blindrammar með striga, strigaspjöld, trönur, penslar, spaðar, teikniblýantar*

***G. E. Sæmundsson ehf.***
***Málningarbúðin***
*Sindragötu 14, Ísafirði,*
*Sími 456 3047*

ORKUBÚ VESTFJARÐA

SPARISJÓÐIRNIR VESTFJÖRÐUM

KL
APAMA
PRODUCE OF ICELAND

**Klofningur ehf.**
Aðalgötu 59 • Suðureyri
Sími 456 6293 • Fax 456 6294

**FISKIÐJAN FREYJA EHF.**
*Freyjugötu 2 • Suðureyri*
*Sími 456 6105 • Fax 456 6109*

# VIÐ BJÓÐUM Í KAFFI

Í tilefni af gagngerðum breytingum á útibúi okkar viljum við bjóða ykkur í heimsókn.

Við tökum vel á móti ykkur, kynnum þjónustu okkar og bjóðum upp á kaffi og meðlæti.

Verið velkomin.
Starfsfólk Íslandsbanka Ísafirði.

www.isbank.is

ÍSLANDSBANKI HAFNARSTRÆTI 1, SÍMI 456 3744

# SVIGSKÍÐAPAKKI FYRIR KRAKKA



ROSSIGNOL

STÆRÐIR 80-110 SM.
VERÐ FRÁ KR. 14.960.-

SVIGSKÍÐAPAKKI FYRIR STÆRRI KRAKKA
STÆRÐIR: 120-170 SM.
VERÐ FRÁ KR. 18.400.-

BRETTAPAKKI FYRIR UNGLINGA OG FULLORÐNA.
VERÐ FRÁ KR. 29.500.-

GÖNGUSKÍÐAPAKKI FYRIR FULLORÐNA.
STÆRÐIR: 180-215 SM.
VERÐ FRÁ KR. 15.800.-

MUNIÐ GJAFAKORTIN!

vestur sport

Aðalstræti 27, Ísafirði, sími 456 3602

## CANON ADVANTIX myndavélar á JÓLATILBOÐI!



CANON
EOS IX7
Verð
kr. 49.900.-



CANON
IXUS AF-5
Verð
kr. 8.490.-

Margir nýir og skemmtilegir möguleikar við myndatökuna!

Á 2. HÆÐ - Á 2. HÆÐ - Á 2. HÆÐ - Á 2. HÆÐ - Á 2. HÆÐ - Á 2. HÆÐ

SPIL - PÚSLUSPIL - TÖFL - FÖNDURLEIKIR



Púsluspil
Verð frá kr. 690.-



Skrapmyndir
Verð frá kr. 480.-



Hættuspil
Verð kr. 4.940.-



Dularfulla völundarhúsið
Verð kr. 2.850.-

BARNASPIL - FJÖLSKYLDUSPIL - ÞROSKASPIL

Á 2. HÆÐ - Á 2. HÆÐ - Á 2. HÆÐ - Á 2. HÆÐ - Á 2. HÆÐ - Á 2. HÆÐ

## Mynd í ramma – Gjöf sem gleður

Framköllum myndir
Stækkum myndir
Stækkum út úr myndum

MIKIÐ ÚRVAL AF MYNDARÖMMUM



BÓKHLAÐAN
Ísafirði, sími 456 3123

# „Stuðningur foreldranna er ómetanlegur“

## Ólafur Thorlacius Árnason á Ísafirði er einn af efnilegustu skíðagöngumönnum landsins

**Í hópi upprennandi skíðagöngumanna á Íslandi er Ísfirðingurinn Ólafur Thorlacius Árnason einn af hinum allra efnilegustu. Hann á reyndar ekki langt að sækja fordæmið, því að eldri bróðir hans er skíðakappinn Gísli Einar Árnason. „Stóri bróðir“ hefur verið Ólafi til ómetanlegrar aðstoðar og í rauninni verið þjálfari hans þegar hann hefur ekki verið með sérstakan þjálfara. Af erlendum göngugörpum er helsta fyrirmyndin tvímælalaust Björn Dæhlie – „það slær honum enginn við“, segir Ólafur.**




*Í hálfmaraþoni á Ísafirði sl. sumar. Pabbi og mamma fylgjast stolt með stráknum sínum.*

Af skiljanlegum ástæðum er skíðaganga einkum stunduð yfir vetrartímann, en kappsamir menn halda sér í formi yfir sumarið með ýmsum hætti. Þeir bræður, Gísli Einar og Ólafur, gera það sannarlega og ganga og hlaupa um fjöll og firnindi landsins. Í sumar fóru þeir til dæmis ásamt fleirum í margra daga þolgöngu um Hornstrandir. Þeir tóku þátt í Fjallamaraþoni Landsbjargar og stóðu sig þar með nokkuð undarlegum hætti: Þeir villtust og fóru aukalega yfir heilt fjall sem var alls ekki „á matseðlinum“ og töfðust við það í þrjá klukkutíma, en voru samt aðeins einum stundarfjórðungi á eftir sigurvegaranum í mark. Og hér á síðunni má sjá Ólaf á fullri ferð í hálfmaraþoni við gatnamót Hafnarstrætis og Skutulsfjarðarbrautar á Ísafirði.

Ólafur er 17 ára. Foreldrar hans eru hjónin Kristín Gísladóttir sjúkraliði á FSÍ og Árni Traustason tæknifræðingur hjá VST á Ísafirði. Þau hvetja og styðja strákana sína með ráðum og dáð – „þetta væri ekki hægt án þeirra“, segir Ólafur.

Ekki man Ólafur hvenær hann vann fyrst til verðlauna á skíðamóti – „það var á Ólafsmóti uppi á Dal einhvern tímann í gamla daga.“ Hann telur sig hins vegar muna að hann hafi verið níu ára þegar hann byrjaði æfingar undir handleiðslu þjálfara, en þá var hann löngu búinn að átta sig á því að skíðagangan átti vel við hann.

Nú er Ólafur Thorlacius nýkominn heim eftir að hafa verið í hálfan mánuð í Noregi og Svíþjóð við æfingar og keppni með landsliðinu í skíðagöngu. Takmarkið hjá honum núna er að komast á heimsmeistaramót unglinga, sem haldið verður í febrúar. Hann er í fimm manna hópi sem tveir verða síðan valdir úr til að taka þátt í mótinu fyrir Íslands hönd. Á bikarmóti í Jerpen í Svíþjóð um daginn kepptu þeir í 5 km göngu og þar varð Ólafur í öðru sæti af íslensku piltunum, níu sekúndum á eftir Baldri Ingvarssyni frá Akureyri.

Íslensku göngumennirnir njóta aðstoðar Ólafs Björnssonar (bróður Kristins Björnssonar) í einskonar fjarkennsluformi, en hann er íþróttakennari og skíðaþjálfari í Lillehammer í Noregi. Þeir senda honum reglulega ljósrit af æfingabókunum sínum og fá hjá honum góð ráð.

Að sögn Ólafs er aðstaðan til gönguæfinga á Ísafirði góð. Hann er nú í öðrum bekk í Framhaldsskóla Vestfjarða og situr þar að bókum mestan þann tíma dagsins sem dagsbirtu nýtur, en getur æft á upplýstri braut eftir að skyggja tekur. Hins vegar segir hann að æskilegt væri að fá gott gönguhús, eins og er t.d. á Akureyri, þar sem aðstaða væri til að smyrja skíði og leita skjóls.




*Hér er Ólafur 14 ára í svartaþoku uppi á heiði á leiðinni á ættarmót. Þeir bræðurnir, Gísli Einar og Ólafur, hjóluðu frá Ísafirði suður á Brjánslæk og tóku þar Breiðafjarðarferjuna Baldur.*




*Á unglingameistaramóti Íslands sl. vor.*



*Tólf ára á Torfnesinu.*


BLÓMABÚÐ ÍSAFJARÐAR

3X STÁL

BÁSAFELL HF.

HÁR & HITT

BIGGA ÞRASTAR
HÁRGREIÐSLUSTOFA
SÍMI: 456 4442

Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar

**Munið skíðanámskeiðin fyrir fullorðna á nýja árinu!**

# Uppbygging skíðamannvirkja í dölunum tveimur



*Upphaf framkvæmdanna, jarðvegsvinna við grunn.*



*Loftbitar hífðir á. Muggur og Einar Valur.*

Í haust hefur vaskur hópur sjálfboðaliða staðið fyrir endurbyggingu „efrilyftu" á Seljalandsdal. Brekkan sem verið er að virkja hefur verið sérstaða skíðsvæðisins og sú sem hefur gert Ísfirðinga að bestu skíðamönnum landsins. Byggingarmenn hafa fundið fyrir snjóþunga brekkunnar enda hefur stór hluti erfiðisins verið að moka hundruð tonna af snjó sem hefur fallið á byggingartímanum og þyngt þeim starfið. En það er einmitt málið, að þetta er sennilega snjóþyngsta skíðabrekka landsins og þar er komin helsta ástæðan fyrir öllu erfiðinu.

Um fjörutíu manns hafa komið að verkinu og mörg fyrirtæki stutt framtakið, sum langt umfram það sem til var hægt að ætlast. Lyftumönnum hefur víðast verið vel tekið og flestir sem til hefur verið leitað hafa verið boðnir og búnir til að leggja hönd á plóginn. Bæjaryfirvöld hafa stutt framtakið í orði og á borði og bera þeim þakkir fyrir það.

Lyftan verður rúmlega 600 metra löng og fallhæðin rúmlega tvö hundruð metrar, en það gerir hana að bröttustu lyftu á Íslandi. Hún er algerlega ísfirskt framtak, hönnuð og smíðuð af ísfirskum hugvits- og byggingarmönnum. Engu að síður er hún byggð með nútíma kröfur um þægindi og öryggi í huga.

Um 60m³ af steypu þurfti í undirstöður, ásamt timbri og tækjum, sem hífa þurfti upp í allt að 600 metra hæð, en til þess var byggð 1000 metra löng flutningalyfta sem samanstóð af öflugu spili, jarðýtu og dráttarvél.

Á meðan fjallamenn hafa staðið í byggingu á undirstöðum, sem lauk sunnudaginn 22. nóv. sl., hefur tæknideild séð um hönnun og útvegun búnaðar, járnadeild séð um smíði á möstrum og fjármáladeild haldið utan um kostnað.

*Gunnar Þórðarson*



*Meistarinn tekur út klamsaverkið.*

Foreldrafélag skíðabarna í Ísafjarðarbæ hóf byggingu troðarageymslu og skála í Tungudal í september sl. Byggingarverktakar eru Eiríkur og Einar Valur ehf. Framkvæmdir hafa gengið vonum framar og er neðri hæð hússins á lokastigi.

Svona átak vinnst ekki nema margar hendur vinni saman og það er ótrúlegt hversu vel hefur gengið að fá sjálfboðaliða í verkið. Það ber að þakka. Nú þegar er byrjað að huga að framkvæmdum á efri hæð hússins sem mun verða framtíðaraðstaða skíðafólks, eins og teikningar sýna – stórt og glæsilegt hús með sal fyrir 80 manns í sæti, ásamt setustofu, snyrtingu og kaffiaðstöðu starfsmanna skíðasvæðisins. Efri hæð skálans er með svefnaðstöðu fyrir 40 manns, svo og tveimur fundarherbergjum. Allar þessar framkvæmdir áætlar Foreldrafélag skíðabarna að kosti um 35 milljónir króna fullfrágengið.

Foreldrafélagið vill óska skíðafólki gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, og þakkar öllum þeim sem lagt hafa félaginu lið.

*F. h. Foreldrafélags Skíðafélags Ísfirðinga,*
*Páll Sturlaugsson,*
*Jóhann Torfason.*



*Hluti af foreldrafélagsfólki við járnavinnu. Addi Jónatans, Stína Hálfdáns, Palli Stull og Jói Torfa falinn bak við stiga.*



*Þreyttir og sælir að bíða eftir síðasta sílóinu.*



*Tæknifræðingur og skipstjóri að störfum. Örn Ingólfs og Jói Sím.*



*Sökklar frágengnir og undirbúningur fyrir plötu hafinn. Á innfelldu myndinni er Gunnar stórskipstjóri á Júlíusi, pabbi Adda Kalla.*



*Fjórir vaskir menn á þaki troðarahúss. Fv. Muggur, Jói Torfa, Palli Stull og Gunnar.*



*Bjarni og Gunni undirbúa fyrir kvöldsteypu í 4. holu.*



*17m³ af möl þurfti í undirlag fyrir startstaura. Bræðurnir Hjálmar og tryggvi.*

# Nýi skíðaskálinn í Tungudal

*Eins og sjá má á myndinni hér til hliðar verður hinn nýi skíðaskáli Foreldrafélags skíðabarna í Ísafjarðarbæ hið glæsilegasta mannvirki, en það er hannað af Einari Ólafssyni hönnuði.*





**Áætlaður snjómokstur á Vestfjörðum um hátíðirnar (tímabilið frá 18. desember til 4. janúar)**

*Ekkert er mokað á jóladag og nýársdag. Mokstri er hætt á hádegi á aðfangadag og gamlársdag.*

***Brjánslækur – Bíldudalur:***
*Mokstur alla aðra daga.*

***Þingeyri – Bolungarvík – Súðavík:***
*Mokstur alla aðra daga.*

***Reykjavík – Ísafjörður:***
*Í desember: 18. 20. 21. 22. 23. 28. 30.*
*Í janúar: 3. 4.*

***Brú – Hólmavík:***
*Í desember: 18. 20. 21. 22. 23. 27. 28. 30.*
*Í janúar: 2. 3. 4.*

***Hólmavík – Drangsnes:***
*Í desember: 18. 21. 22. 23. 27. 28. 30.*
*Í janúar: 2. 4.*

Upplýsingar:
Á Ísafirði í síma 456 3911 og símsvara 456 3958.
Á Hólmavík í síma 451 3104 og símsvara 451 3105.
Á Patreksfirði í síma 456 1533 og símsvara 456 1348.

Einnig er minnt á samræmd símanúmer um allt land:
1777 (í þjónustustöðvum).
1778 (símsvarar í þjónustustöðvum).
1779 (upplýsingar um veður og færð).

**Vegagerðin óskar vegfarendum góðrar ferðar um hátíðirnar.**

VEGAGERÐIN






**BRETTAKRAKKAR!**
Þrekæfingar fyrir brettakrakka eru íþróttahúsinu við Austurveg kl. 19.40 - 21.20 á mánudögum og þriðjudögum. Þjálfari er Edward Hoblyn.
Mætum öll og verum í toppformi þegar efri lyftan opnar og við komumst í bestu aðstöðu á landinu.


HEKLA · Audi · Volkswagen · Škoda · HEKLA

**BIFREIÐAEIGENDUR ATHUGIÐ**

**Bifreiðaeigendur bifreiða sem Hekla hf. flytur inn!**
*Munið, að til að halda ábyrgð á viðkomandi bifreiðum, þarf að færa þær til reglulegs smur- og þjónustueftirlits (sjá þjónustubók) til viðurkennds þjónustuaðila fyrir Heklu hf. Eini viðurkenndi þjónustuaðili fyrir Heklu hf. í Ísafjarðarbæ er Bílaverkstæði Sigurðar og Stefáns.*

Bílaverkstæði SS · MITSUBISHI MOTORS · GALLOPER

**BÍLAVERKSTÆÐI SIGURÐAR OG STEFÁNS**
*Seljalandsvegi 86 • 400 Ísafjörður*

*Sími 456 3379*
*Fax 456 3989*
*Kt. 680885-0449*
*Vsknr. 8182*
*Banki 156 26 33379*





„bara vont, -that's it!"
ROBBI CHRONIC
www.reyklaus.is
„reykja ... til hvers?
RAGNA RAPPARI


MAJORICA
Majorica perluskart
í úrvali frá kr. 1850.-
Bindisnælur frá kr. 1700.-
Ermahnappar og bindisnæla
sett frá kr. 2100.-
Silfurhringir frá kr. 2500.-
Silfurhringir í eyru frá kr. 520.-
Verið velkomin
Gullauga
Gleðileg jól!
Silfurhringir frá kr. 2500.-
Herrakeðjur frá kr. 2000.-
Herraplötuarmbönd frá kr. 2200.-
Gullauga


PIONEER HLJÓMTÆKI
NINTENDO 64 LEIKJATÖLVUR
TOSHIBA MYNDBANDS-
OG SJÓNVARPSTÆKI
GSM AUKAHLUTIR Á
BESTA VERÐINU
AEG
STRAUMUR
STRAUMUR,
GÆÐI OG
GÍFURLEGT ÚRVAL!
straumur
Silfurgötu 5, Ísafirði, sími 456 3321